

Sáttmáli til sóknar í skólamálum í Skagafirði



*FRAMHALDS- OG HÁSKÓLANÁM Í
SKAGAFIRÐI*

-TILLÖGUR OG NIÐURSTÖÐUR-

Herdís Á. Sæmundardóttir

verkefnisstjóri

Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	4
Menntun og búseta	4
Þekkingarsamfélagið Skagafjörður	5
Tillögur	8
1. Rekstrarform stofnana og hugmyndafræði.....	8
2. Endurmenntunar- og fjölgreinadeild Háskólans á Hólum.....	9
3. Samstarf við aðrar menntastofnanir	10
4. Fagleg ráðgjöf	11
5. Viðbygging við Verið.....	11
6. Starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Sauðárkróki.....	12
7. Stækkun verknámshúss FNV og efling Hátækniseturs Íslands.....	13
8. Húsnæðismál skólanna almennt	13
9. Markaðssetning	14
10. Samgöngur	14
Helstu niðurstöður	16
Lokaorð	18
Viðauki	19
1. Ný lög um skólahlald	19
2. Nefndir forsætisráðherra til að fjalla um leiðir til að styrkja..... atvinnulíf á svæðum með lítinn hagvöxt.....	20
3. Húsnæði.....	21
4. Nýjar námsbrautir við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra	22
5. Nýjar námsleiðir við Háskólann á Hólum.....	23
6. Aðrir möguleikar	26

Formáli

Þann 8. september 2006, gerðu Kaupfélag Skagfirðinga (KS), Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur með sér „*Sáttmála til sóknar í skólamálum í Skagafirði*“. Verkefni þetta er til fjögurra ára og til þess skulu aðilar verja kr. 100.000.000 sem skiptist í jöfn framlög á fjögurra ára tímabil (skólaár) eða kr. 25.000.000 árlega.

Árlegt framlag samstæðufyrirtækja KS til átaksins er kr. 17.500.000 og árlegt mótframlag sveitarfélaganna er kr. 7.500.000.

Markmið verkefnisins er að styðja við hvers konar starfsemi sem orðið gæti til þess að efla menntun í héraðinu og auka aðgengi að fjölbreyttu námi. Sérstök verkefnisstjórn útfærir nánar markmið átaksins. Sama verkefnisstjórn úthlutar fjármagninu og heldur stjórnunarlega og fjárhagslega utan um verkefnið. Verkefnisstjórnina skipa þau, Ólafur Sigmarsson formaður, Ásta Pálmadóttir, Einar Einarsson, Páll Dagbjartsson. Jón Hjartarson og Herdís Á. Sæmundardóttir.

Á fundi verkefnisstjórnar, sem haldinn var þann 29. ágúst 2007, var samþykkt að hrinda af stað verkefni sem lýtur að því að styrkja enn frekar uppbyggingu háskóla í Skagafirði. Ráðinn var verkefnisstjóri í fullt starf sem hefur eftirfarandi hlutverk skv. samþykktinni:

„... Greina möguleika á frekari uppbyggingu á háskólanámi í Skagafirði og gera framkvæmdaáætlun. Í því felist m.a. að skilgreina hvaða námsbrautir henta til kennslu í héraðinu og/eða þættu eftirsóknarverðar út frá möguleikum til samstarfs við atvinnulíf og ýmsar stofnanir. Einnig leitað eftir samstarfi við aðra háskóla við uppbyggingu á námsbrautum/námsgreinum.“

Gert var ráð fyrir að tillögur lægju fyrir í upphafi árs 2008 og þá yrði teki afstaða til framhaldsins. Verkefnisstjóri var ráðinn Herdís Á. Sæmundardóttir.

Hér á eftir fylgja niðurstöður og tillögur verkefnisstjórna.

Inngangur

Menntun og búseta

Á síðustu árum og áratugum hefur byggðapróun á Íslandi verið landsbyggðinni afar óhagstæð. Þróun atvinnuhátta samfélagsins frá frumframleiðslu í sjávarútvegi og landbúnaði í átt að nútíma samfélagi sem byggir afkomu sína á hátækni og upplýsinga- og þjónustugreinum af ýmsu tagi hefur haft í för með sér sókn fólks í þéttbýlið á suðvesturhorninu þar sem hinar nýju atvinnugreinar eru í mestum vexti. Breytingar þessar hafa einnig kallað á að fólk mennti sig meira en áður og jafnframt er leitað eftir meiri fjölbreytni í námsframboði en áður hefur þekkt. Atvinnuhættir nútímans gera einnig aukna kröfu til starfsmanna um stöðuga símenntun og þekkingarleit í þeirri viðleitni að bregðast við þeirri öru þróun sem á sér stað í hinum nýju greinum atvinnulífsins.

Hér að neðan má sjá tölur frá Hagstofunni sem sýnir störf eftir atvinnugreinum utan höfuborgarsvæðisins á árunum 1995 og 2004:

	1995	2004
<i>Samtals framleiðslugreinar*</i>	30.000	23.400
<i>Samtals þjónustugreinar**</i>	27.300	32.500

* *landbúnaður, sjávarútvegur, veitustarfsemi, mannvirkjagerð.*

** *verslun, ferðaþjónusta, fræðslustarfsemi, fjármálastarfsemi, samgöngur, opinber stjórnarsýsla og fl.*

Ef raunverulegur árangur á að nást í að byggja upp sterk svæði á landsbyggðinni þurfa margir ólíkir þættir að vinna saman og ekki er nóg að einblína á atvinnutækifærin ein og sér, eins og gjarnan gerist í umræðu um byggðamál og byggðapróun. Til að svæði geti orðið aðlaðandi til búsetu þarf einnig að vera til staðar gott félagslegt þjónustukerfi, nægt framboð á menningu og tómstundum, samgöngu- og fjarskiptakerfi þurfa að vera eins og

best gerist í samfélaginu, verlsun og þjónusta af ýmsu tagi þarf að vera til staðar og síðast en ekki síst þarf að vera fyrir hendi gott aðgengi að menntun á öllum stigum.

Frá því er grunnskólinn fluttist til sveitarfélaganna árið 1996, hafa þau mörg hver lagt allt kapp á að bæta þjónustuna við nemendur sína og hlúð að ýmsum nýjungum í skólahaldi meðal annars í þeirri trú að góðir leik- og grunnskólar væru mikið aðdráttarafl og þannig stæðu þau betur að vígi í samekppninni um íbúana. Á hinn bóginn hefur framboð á menntun á framhalds- og háskólastigi verið tiltölulega takmarkað á landsbyggðinni og unga fólkið þarf oftast en ekki að flytjast búferlum til að sækja sér þá menntun, sérstaklega á háskólastigi. Á þeim aldri sem fólk er að sækja sér slíka menntun er fólk einnig að festa ráð sitt, finna sér starfsvettvang og stofna til fjölskyldu. Rannsókn¹ sem unnin var í Háskólanum á Akureyri á árunum 2000-2002 leiddi meðal annars í ljós að sterk tengsl eru á milli staðsetningar háskóla og vals á búsetu að námi loknu. Jafnframt sýndi þessi rannsókn að staðsetning háskóla hefur veruleg áhrif á menntunarstig og meðaltekjur viðkomandi háskólasvæða. Í ljósi slíkrar niðurstöðu hlýtur það að vera afar eftirsóknarvert fyrir einstök svæði að bjóða upp á fjölbreytt háskólanám og stuðla þannig að traustari búsetu ungs fólks, fleiri tækifærum til atvinnsköpunar og hækkun tekna.

Þekkingarsamfélagið Skagafjörður

Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur hafa á að telja rúmlega 4200 íbúa. Eins og víða annars staðar á landsbyggðinni hefur íbúum þar fækkað jafnt og þétt á undanförunum árum og áratugum. Það hefur gerst þrátt fyrir að atvinnu- menningar- og menntalíf sé tiltölulega fjölbreytt og samgöngur auðveldar um héraðið og milli Skagafjarðar og annarra héraða. Auk þess að byggja atvinnulíf sitt á hinum hefðbundnu framleiðslugreinum, landbúnaði og sjávarútvegi ásamt þjónustugreinum tengdum þessum tveimur greinum, hafa aðrar greinar einnig fest sig í sessi, meðal annars iðnaðar- og þjónustugreinar af ýmsu tagi sem og opinberar stofnanir.

¹ Bygðarannsóknarstofnun Íslands og Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri. 2002. *Háskólamenntun og búseta Tengsl menntunarstaðar og búsetuvals*.

Í sveitarfélaginu Skagafirði er leik- og grunnskólastarfsemi rekin á 5 stöðum, um 450 nemenda fjölbrautaskóli sem þjónar fyrst og fremst Norðurlandi vestra er á Sauðárkróki. Þar er einnig staðsettur Farskóli Norðurlands vestra – miðstöð símenntunar, sem annars vegar sinnir atvinnulífínu á Norðurlandi vestra og hins vegar er miðstöð fólks í fjárnámi við ýmsa háskóla í landinu. Að auki er rekinn háskóli á Hólum í Hjaltadal – Háskólinn á Hólum, sem samanstendur af þremur deildum, ferðamáladeild, fiskeldis- og fiskalíffræðideild og hrossaræktar- og reiðmennskudeild. Við skólann stunda nú um 180 manns nám, sem ýmist eru í staðarnámi á Hólum og Sauðárkróki eða stunda nám sitt í fjárnámi. Auk þess leggur skólinn mikla áherslu á margvísleg rannsókn- og þróunarverkefni og á jafnframt í miklu samstarfi við aðra háskóla hérlendis og erlendis.

Undanfarin misseri hefur markvisst verið unnið að því að hlúa vel að hinum skagfirsku skólum og byggja þá upp til að vera samkeppnishæfa við það besta sem þekktist hér á landi. Kannanir² sem og annar samanburður sem gerður er á skólastarfi og ýmissi þjónustu við nemendur og foreldra í Skagafirði við önnur skólasvæði er skagfirskum skólum og skagfirsku samfélagi hagstæður og er jafnframt góður vitnisburður um þann metnað sem fagfólk héraðsins ásamt yfirvöldum hafa í þessum efnum. Engu að síður er ljóst að ærfiðara verður fyrir samfélagið að standa undir skólaþjónustu sem og annarri þjónustu eftir því sem íbúum fækkar meir. Það er því mikilvægt að finna leiðir til að stöðva þá þróun og helst snúa henni við. Háskólum og setrum sem tengd eru háskólum fjölgar hratt og augljóst að í æ ríkara mæli er litið á skólastarf sem mikilvægan hlekk í því augnamiði að styrkja byggð og nýta þær auðlindir og þekkingu sem viðkomandi svæði býr yfir.

Í umræðu um byggðaþróun er innspýting í menntakerfið talin ein áhrifaríkasta og skjótvirkasta aðferðin til fjölgunar íbúa og eflingar grunngerðar samfélagsins.

² Sjá t.d. Færni og þekking nemenda við lok grunnskóla: Helstu niðurstöður PISA 2006 í náttúrufræði, stærðfræði og lesskilningi

Í ljósi þess sem að framan greinir er mikilvægt að virkja alla þá krafta í héraðinu sem lagt geta frekari uppbyggingu skólastarfs lið, einkum á framhalds- og háskólastigi. Framtíðarsýn slíkrar uppbyggingar ætti að vera;

- Að styrkja enn frekar og markaðssetja það nám og rannsóknir sem fyrir er betur, bæði hérlandis og erlendis.
- Að taka upp nýjar námsgreinar á framhalds- og háskólastigi sem hvoru tveggja gætu höfað til ungs fólks sem er að velja sér vettvang í lífinu og sem jafnframt gætu mætt þörfum fólks sem þegar er búð að koma sér fyrir í atvinnulífinu á svæðinu fyrir endur- og símenntun.
- Að virkja þau fjölmörgu sóknarfæri sem skapast með nýjum lögum um skólalald og nýta öll tækifæri til að efna til samstarfs við framsækna aðila í íslensku menntakerfi.
- Að taka upp nýja hugsun þar sem mörk hefðbundinna menntunarleiða og stofnana eru endurskoðuð í þeim tilgangi að skapa gróskumeiri jarðveg til sóknar í menntamálum.

Allir leggja skólarnir áherslu á að efla starf sitt með ýmsum hætti og stuðla þannig að því að verða enn sterkara afl til jákvæðrar byggðapróunar á sínu svæði. Þannig er mikil áhersla lögð á eflingu iðn- og verknáms við FNV bæði hvað inntak og búnað snertir. Farskólinn leggur mikla áherslu á að mæta þörfum fólks á öllu svæðinu bæði með því að bjóða atvinnutengd námskeið sem og að þjónusta fólk sem er í fjarnámi við háskólana í landinu. Háskólinn á Hólum hefur mótað áætlun og stefnu til næstu fimm ára sem gerir ráð fyrir að efla deildir skólans sem alþjóðleg öndvegissetur. Þetta felur m.a. í sér uppbyggingu meistara- og doktorsnáms og aukningar rannsókna. Skólinn var fluttur undir menntamálaráðuneytið um síðustu áramót og að störfum er starfshópur menntamálaráðherra um eflingu skólans sem mun skila af sér um miðjan mars n.k.

Auk þess að styðja við þá stefnu og verkefni sem nú þegar liggja fyrir um eflingu framhalds- og háskólastarfs í Skagafirði leggur verkefnisstjóri sérstaklega fram eftirfarandi tillögur:

Tillögur

1. **Rekstrarform stofnana og hugmyndafræði.**

Lagt er til að skipaður verði tveir sérstakir starfshópar til að vinna að stefnumótun á sviði skólamála á framhalds- og háskólastigi.

Annar starfshópurinn hafi það hlutverk að fjalla um rekstrarform menntastofnana héraðsins á framhalds- og háskólastigi. Auk þess að skoða hvort ástæða sér til að breyta rekstrarformi einstakra skóla skal starfshópurinn skoða hvort skynsamlegt sé að stofna sérstakt menntafélag, nokkurs konar regnhlífarsamtök í Skagafirði, sem hefði það hlutverk að taka að sér rekstur menntastofnana. Markmið slíkrar vinnu er að samþætta og samræma nám það sem í boði er og jafnframt að nýta fjármagn og mannauð til að efla enn frekar skólastarf í héraðinu.

Hinn starfshópurinn hafi það hlutverk að fara yfir nýja hugmyndafræði varðandi námsframboð, kennslu- og námsfyrirkomulag. Sérstök áhersla verði á að skoða möguleika á að byggja upp undir einum hatti öflugt og fjölbreytt námsframboð á breiðum grunni. Um getur verið að ræða styttra eða lengra nám á háskólastigi (diploma, BA/BS gráður og nám á meistara- og doktorssviði), starfsnám eða iðn- og tækninám. Nám þetta miði að því að útskrifa nemendur með mismunandi náms- og starfsgráður allt eftir markmiðum hvers og eins (polytechnics). Leitað verði að fyrirmyndum sem víðast, bæði hérlendis sem erlendis. Starfshópur þessi móti tillögur á grundvelli niðurstaðna sinna.

Framkvæmd: Sveitarfélagið Skagafjörður hafi frumkvæði að því að koma á starfshópi sem fjalla skal um rekstrarform stofnana og leiti eftir samstarfi um málið við atvinnlífið og einstakar stofnanir eftir því sem henta þykir.

Sveitarfélagið Skagafjörður hafi jafnframt frumkvæði að því að koma á starfshópi sem fjalla skal um hugmyndafræði og útfærslu náms. Eftir

atvikum skal leita eftir ráðgjöf og samstarfi við viðurkennda sérfræðinga á sviði menntamála.

Til að tryggja samræmi og upplýsingaflæði í framkvæmd og framvindu mála skulu starfshópar þessir hafa náð samráð sín í milli.

Ábyrgð: Fulltrúar Sveitarfélaganna í Skagafirði, atvinnulífs og skóla.

2. Endurmenntunar- og fjölgreinadeild Háskólans á Hólum

Öflug endurmenntun og hvers kyns viðleitni háskóla til að auka menntunartækifæri á háskólastigi fyrir íbúa á svæðum sem skólarnir þjóna (extension services) er algeng við marga erlenda háskóla. Þetta er öflugt tæki til að auka menntunarstig íbúa og stuðla þannig að jákvæðri byggðaþróun. Samhliða stefnu skólans um að byggja fagdeildir sínar upp sem öndvegissetur á sínu sviði er lagt til að nú þegar verði stofnuð ný deild við Háskólann á Hólum, Endurmenntunar- og fjölgreinadeild Háskólans á Hólum. Deildinni verði ætlað að skipuleggja og halda utan um námskeið sem boðin eru í tengslum við skipulagt nám við námsbrautir skólans. Einnig verði deildinni ætlað að bjóða nýjar námsgreinar sem nýst gætu sem valnámskeið í hefðbundnu námi skólans og geti jafnframt nýst sem hluti af öðru háskólanámi. Þá verði Endurmenntunar- og fjölgreinadeild ætlað að bjóða upp á námskeið á háskólastigi sem sérstaklega eru sniðin að þörfum fólks í atvinnulífinu. Verkefnið verði unnið í nánú samstarfi við Farskóla Norðurlands vestra – miðstöð símenntunar. Leitað verði eftir samstarfi við aðrar háskólastofnanir eftir því sem við á.

Jafnframt er lagt til að deildin stuðli að því að haustið 2008 verði sett á fót frumgreinanám sem miði að því að undirbúa nemendur sérstaklega fyrir nám við deildir Háskólans á Hólum, en einnig miði námið að því að undirbúa nemendur fyrir fjölbreytt nám í öðrum háskólum hérlendis sem erlendis. Nám þetta verði byggt upp í samstarfi við FNV. Þá verði einnig leitað eftir samstarfi við Keili – miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs á Suðurnesjum eftir því sem við á.

Framkvæmd: Nú þegar verði hafist handa við undirbúning að stofnun slíkrar deildar og ráðinn verði starfsmaður til verkefnisins. M.a. verði leitað eftir því að Norðvesturnefnd forsætisráðherra veiti styrk til að verkefnisins að upphæð kr. 20 milljónir.

Þá verði einnig leitað eftir rágjöf hjá Keili varðandi inntak frumgreinanáms og það auglýst á vordögum samhliða almennum auglýsingum um skólavist.

Ábyrgð: Fulltrúar Háskólans á Hólum.

3. Samstarf við aðrar menntastofnanir

Augljóst er að mikil gróska og gerjun einkennir allt skóla- og rannsóknastarf á háskólastigi hérlendis sem erlendis. Brýnt er að straumar nýjunga og framfara í menntamálum beinist að skólastarfi í Skagafirði. Til þess að svo megi verða er afar mikilvægt að efna til samstarfs við þá aðila sem hvað fremstir standa á þessu sviði. Sem dæmi um framsæknar stofnanir sem fara nýjar leiðir í námsframboði, samstarfi og tilhögun náms má nefna Keili - miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs á Suðurnesjum, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Háskólann á Bifröst, sem er í raun einstök fyrirmynd að uppbyggingu fjölbreytilegs menntasamfélags í dreifbýli, að ógleymdum Háskóla Íslands og aðra háskóla í landinu.

Lagt er til að komið verði á virku samstarfi við ofangreindar stofnanir um kennslu á ýmsum starfs- og fagsviðum sem henta þykir. Í þessu sambandi verði horft til þarfa og möguleika atvinnulífs og stofnana á svæðinu.

Framkvæmd: Með hliðsjón af og í samræmi við framkvæmd tillögu nr. 1 hér að framan og í nánu samstarfi við FNV, Farskólann – miðstöð símenntunar og

Háskólann á Hólum hafi Sveitarfélagið Skagafjörður frumkvæði að því að koma á samstarfi við menntastofnanir utan héraðs eftir atvikum .

Ábyrgð: Fulltrúar Sveitarfélagsins Skagajarðar, FNV, Farskólans – miðstöðvar símenntunar og Háskólas á Hólum.

4. Fagleg ráðgjöf

Ljóst er að ofangreindar tillögur fela í sér róttækar breytingar og nýbreytni í inntaki náms og námsleiða sem og rekstri stofnana og því afar mikilvægt að vel sé til verka vandað. Ítrekað skal að til að tryggja að breytingar þessar gangi sem best fyrir sig er mikilvægt að leitað verði til utanaðkomandi aðila sem gleggst eru taldir þekkja til uppbyggingar í menntamálum um ráðgjöf og leiðsögn. Þekkt er að háskólar sem eru í uppbyggingu hafa á sínum snærum hóp sérfræðinga sem eru til aðstoðar og ráðgjafar um alla uppbyggingu. Þannig er leitast við að standa rétt að öllum framkvæmdum og tryggja hvoru tveggja fagleg vinnubrögð og fjárhagslega hagkvæmni.

Framkvæmd: Eftir því sem við á hverju sinni og eftir því sem verkefnum miðar áfram verði leitað til fagaðila á svið uppbyggingar í menntamálum um ráðgjöf og leiðsögn.

Ábyrgð: Fulltrúar Sveitarfélaganna í Skagafirði, atvinnulífs og skóla.

5. Viðbygging við Verið

Í Verinu – vísindagörðum á Sauðárkróki er að byggjast upp nútímalegt samfélag mennta, rannsókna og atvinnustarfsemi. Samstarf háskóla og sprotafyrirtækja af því tagi sem hér um ræðir er afar mikilvægur hlekkur í nýsköpun og framþróun í atvinnulífinu. Verið hýsir nú þegar starsemi sprotafyrirtækisins Iceprotein þar sem fram fer mikilvæg rannsóknarstarfsemi á próteinum. Iceprotein er í meirihlutaeigu Matís ohf.

Mikill áhugi er fyrir hendi á að auka við starfsemina í Verinu, en jafnframt ljóst að húsnaðisskortur hamlar verulega þeirri uppbyggingu sem þar gæti átt sér stað.

Lagt er til að nú þegar verði hafinn undirbúningur að viðbyggingu við Verið. Leitað verði eftir fjármagni frá ríki, sveitarfélögum á svæðinu og atvinnulífi. Jafnframt verði tekin afstaða til þess hvaða önnur starfsemi á sviði mennta og rannsókna en nú er gæti átt heima í Verinu.

Framkvæmd: Sveitarfélagið Skagafjörður hafi frumkvæði að viðræðum við eigendur og forsvarsmenn Versins um hvernig standa skuli að framkvæmd og fjármögnun.

Þessir sömu aðilar skulu einnig fjalla um framtíðarstarfsemi í Verinu og kalla til samstarfs um málið aðra aðila eftir atvikum.

Ábyrgð: Fulltrúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar og atvinnulífs.

6. Starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Sauðárkróki

Með hliðsjón af auknum áherslum á iðn- og verknámsgreinar við FNV sem og áformum um stækkun verknámshúss skólans er mikilvægt að auka faglega stoðþjónustu á þessu sviði. Jafnframt er mikilvægt að hér byggist upp þekking og möguleikar til rannsókna á verk- og tæknisviðum, m.a. í ljósi áforma um frekari iðnaðaruppbyggingu t.d. í trefjaiðnaði. Lagt er til að leitað verði eftir samningum við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um að miðstöðin setji upp starfsstöð á Sauðárkróki sem hafi á að skipa minnst tveimur starfsmönnum til að byrja með.

Framkvæmd: Sveitarfélagið Skagafjörður ásamt fulltrúum atvinnulífsins leiti eftir samningum við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um að hún setji á fót starfsstöð á Sauðárkróki.

Ábyrgð: Fulltrúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar og atvinnulífs.

7. Stækkun verknámshúss FNV og efling Hátækniseturs Íslands.

Leitað verði allra leiða til að ráðst í stækkun verknámshúss Fjölbrautaskóla um tæpa 1200 m², eins og áætlanir gera ráð fyrir. Með því myndi skapast rými og aðstaða fyrir rannsóknar- og vísindastarfsemi á sviði iðnaðar og tækni. Meðal annars myndu skapast auknir möguleikar til að efla Hátæknisetur Íslands og auka samstarf við við tækni- og vísindasamfélagið í landinu.

Framkvæmd: Sveitarfélagið Skagafjörður ásamt fulltrúum atvinnulífsins leiti eftir samningum við ríkisvaldið um að þegar verði hafin vinna við stækkun verknámshússins.

Ábyrgð: Fulltrúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar og atvinnulífs, FNV og Hátækniseturs Íslands.

8. Húsnæðismál skólanna almennt

Lagt er til skipaður verði sérstakur starfshópur til að meta þörf og gera tillögur um úrbætur í húsnæðismálum skólanna. Auk þess að meta þörf fyrir aukið kennslu- og rannsóknarými skal starfshópurinn meta þörf fyrir íbúðarhúsnæði fyrir nemendur á framhalds- og háskólastigi, leiðir til fjármögnunar og mögulega samstarfsaðila um byggingu slíks íbúðarhúsnæðis. Vakin er athygli á að tillaga þessi tengist mjög tillögum nr. 1 og 5 hér að framan og mikilvægt að gæta samræmis í tillögugerð um úrbætur í húsnæðismálum skólanna.

Framkvæmd: Sveitarfélagið Skagafjörður hafi frumkvæði að því að skipa starfshóp sem hafi ofangreint hlutverk. Í starfshópnum sitji fulltrúar sveitarfélagsins, atvinnulífs og skóla.

Ábyrgð: Sveitarfélagið Skagafjörður

9. Markaðssetning

Þrátt fyrir augljósa sérstöðu Háskólans á Hólum með tilliti til námsframboðs og gæða í skólastarfi á skólinn erfiðara með að ná eyrum alþjóðar í gegn um fjölmiðla en skólar sem staðsettir eru á höfuðborgarsvæðinu. Þetta á raunar við um fleira en Háskólann á Hólum því almennt virðist áhugi á jákvæðri þróun á landsbyggðinni hafa lítið fréttagildi og jafnframt vekja lítinn áhuga almennt, hvort sem er í fjölmiðlum eða í stjórnkerfinu. Í því skyni að auka opinbera umfjöllun um það góða skólasamfélag sem hér hefur verið og er að byggjast upp er lagt til að skólastarf og skólastofnanir í Skagafirðir verði markaðssettar með markvissum hætti, bæði hérlendis og erlendis. Svo slík markaðssetning nái betur markmiðum sínum verði leitað aðstoðar fagaðila. Jafnframt verði leitað allra leiða til að fá fjölmiðla landsins til að fjalla um Skagafjörð sem skólabæ og þekkingarsamfélag.

Þá er einnig lagt til að einn dagur á ári verði helgaður skóla- og vísindastarfi í héraðinu, líkt og FNV gerir nú þegar, þar sem blásið verði til kynningar með frumlegum og líflegum hætti.

Framkvæmd: Háskólinn á Hólum hafi frumkvæði að því að leita samstarfs við FNV og sveitarfélögin um málið. Þessir aðilar setji sér sameiginleg markmið, framkvæmdaáætlun og kostnaðarramma um verkefnið.

Ábyrgð: Fulltrúar skólanna og Sveitarfélagið Skagafjörður.

10. Samgöngur

Auk greiðra fjarskipta eru góðar vega- og flugsamgöngur einn af mikilvægustu forsendum blómlegrar byggðar á Íslandi. Greiðar samgöngur eru ekki síst mikilvægar

fyrir uppbyggingu í menntamálum, enda þurfa framhalds- og háskólar að eiga sér stórt bakland til að geta dafnað og staðið sig í samkeppni skóla um nemendur. Möguleikar á að taka aukinn þátt í innlendu og alþjóðlegu starfi á sviði mennta, rannsókna og vísinda í Skagafirði byggir einnig á því að tíðar flugsamgöngur séu á milli Sauðárkróks og Reykjavíkur.

Lagt er til að annars vegar verði skoðaðir möguleikar á að reka almenningsamgöngur innan héraðs og á milli Skagafjarðar og nágrennasveitarfélaga í þeim tilgangi að auðvelda aðgengi fólks að menntastofnunum á framhalds- og háskólastigi.

Þá er einnig lagt til að leitað verði eftir samningum við yfirvöld í landinu og flugrekstraraðila eftir atvikum um að auka flugferðir á milli Sauðárkróks og Reykjavíkur.

Framkvæmd: Sveitarfélagið Skagafjörður hafi frumkvæði að því að koma á samgöngum innan héraðs og á milli Skagafjarðar og nágrennasveitarfélaga. Leitað verði eftir samstarfi við atvinnulíf og önnur sveitarfélög eftir atvikum.

Sveitarfélagið Skagafjörður í samvinnu við fulltrúa atvinnulífsins hafi jafnframt frumkvæði að viðræðum við þar til bæra aðila um að auka tíðni flugferða á milli Sauðárkróks og Reykjavíkur.

Ábyrgð: Sveitarfélagið Skagafjörður.

Helstu niðurstöður

Það er mat verkefnisstjóra að miklir möguleikar séu fyrir hendi í Skagafirði til frekari uppbyggingar á námi á framhalds- og háskólanámi. Í tengslum við þessa uppbyggingu er mikilvægt að byggja upp frekara rannsókn- og vísindastarf sem er nauðsynlegur hluti af háskólastarfi nútímans. Gott og náð samstarf skólanna við atvinnulíf svæðisins, opinberar stofnanir innan héraðs sem utan, sveitarfélögin í Skagafirði og einstaklinga á svæðinu er mikilvæg forsenda þess að unnt sé að byggja upp öflugt rannsókn- og vísindastarf í tengslum við skólana. Mat þetta byggir ekki síst á þeim styrkleikum sem héraðið býr yfir sem felst í miklum mann- og félagsauði sem mynda undirstöðu fyrir heilbriggt og framsækið samfélag. Styrkleikarnir felast með öðrum orðum ekki síst í þeim tiltölulega stóra hópi fólks sem hefur lengri menntun að baki, fjölþætta reynslu úr atvinnu- og félagslífi og sem þar af leiðandi er afar fært um að taka þátt í og leggja lið þeirri uppbyggingu sem hér um ræðir. Mannauð þennan er að finna í tiltölulega fjölbreytilegu atvinnulífi svæðisins, í opinberum stofnunum og ekki síst í þeim skólastofnunum sem fyrir eru í héraðinu. Minnt er á að Skagafjörður hefur þegar umtalsvert forskot umfram önnur svæði til að byggja upp öflugt menntakerfi þar sem héraðið hefur nú þegar á að skipa háskóla sem nýtur viðurkenningar á sínum fræðasviðum. Að auki hlýtur það að vera augljós styrkleiki að í Skagafirði er öflugt og framsækið fyrirtæki í félagslegri eigu, sem tilbúið er að taka þátt í og leggja slíkri uppbyggingu lið.

Stefna skólayfirvalda í landinu virðist vera að hníga í þá áttina að þurrka út mörk á milli skólastiga. Þetta er þróun sem einnig má sjá í öðrum löndum sem við gjarnan lítum til í þessu samhengi. Slík stefnumörkun er í góðu samræmi við þær slóðir sem skólarnir sjálfir hafa verið að feta sig áfram á. Þannig eru mörkin á milli náms við Fjölbrautaskólann og starfsemi Farskólans – miðstöðvar símenntunar ekki alltaf ljós og hið sama má segja um mörkin á milli starfsemi Farskólans og Háskólans á Hólum. Starfsemi þessara menntastofnana skarast að einhverju leyti og má búast við að sú skörun aukist enn frekar. Gott dæmi um vel heppnað samstarf milli stofnana og skóla á framhalds- og háskólastigi

er Fornverkaskólinn sem rekinn er í samstarfi Byggðasafns Skagfirðinga, FNV og Háskólans á Hólum. Sú spurning hvort ekki sé hægt að samhæfa og jafnvel sameina að hluta eða öllu leyti starfsemi þessara stofnana hlýtur að verða áleitnari eftir því sem mörkin á milli starfsemi þeirra verða óljósari.

Um allan heim á sér stað mikil gerjun í hugmundafræði náms. Þróun í kennsluháttum og náms- og kennsluaðferðum, sem meðal annars tekur mið af dreifbýlum svæðum og misgóðum möguleikum fólks til að sækja sér menntun um langan veg er mikil. Áhersla er lögð á hvers kyns óhefðbundnar námsleiðir eins og t.d. dreifnám, fjarnám, lotunám og fleira. Samhliða eflingu námsframboðs í Skagafirði sem og hugsanlegum breytingum á rekstrarformi stofnana er mikilvægt að skoða nýjar leiðir í náms- og kennsluháttum, leiðir sem henta sérstaklega hinum dreifðu byggðum og koma til móts við misjöfn skilyrði fólks til náms.

Það er einnig mat verkefnisstjóra að á þessu stigi eigi ekki að leggja áherslu á að byggja upp heildstæðar námsbrautir á háskólastigi í líkingu við hefðbundnar námsbrautir Háskólans á Hólum, heldur sé skynsamlegra að byggja upp nám á mörgum sviðum og greinum. Leitast verði við að þurrka sem mest út skilin á milli námsstiga og blindgötum í menntakerfinu eytt, þannig að nemendur hafi ávallt val um á hvaða stigi þeir vilja útskrifast, hvort sem það er á grundvelli starfsnáms eða með skilgreindar háskólagráður.

Lokaorð

Eftir viðtöl við fjölmarga aðila, skoðun á því sem efst er á baugi í menntamálum héraendis og erlendis þykir alveg ljóst að Skagafjörður hefur ótvírætt forskot umfram önnur svæði á Íslandi til að sækja fram af afli í menntamálum.

Forskot þetta byggir á eftirfarandi fjórum þáttum:

- Nú þegar eru öflugar menntastofnanir staðsettar hér
- Atvinnulífið er virkur þátttakandi og mikilvægur bakhjarl í menntaupbyggingunni.
- Heimamenn eru nokkuð einhuga um að menntun sé öflugt tæki til að snúa neikvæðri byggðapróun við
- Heimamenn hafa góðar tengingar við öfluga sérfræðinga á sviði mennta, vísinda og rannsókna; einstaklinga sem tilbúnir eru til að leggja sitt af mörkum í menntasókn Skagfirðinga.

Samdóma álit þeirra sem verkefnisstjóri ræddi við er að ekki sé skynsamlegt að bíða með að setja í gang markvissa vinnu að uppbyggingu í menntamálum og nauðsynlegt sé að hafa hraðar hendur í ákvarðanatöku. Það var jafnframt álit sérfræðinga að mikilvægt sé að hugsa stórt og brjóta niður múra hefðbundinna leiða til náms.

Sem lokaorð er því við hæfi að vitna í lokaorð forseta sveitarstjórnar Skagafjarðar, er hún dró saman góð ráð gesta á fundi sem verkefnisstjórn stóð fyrir um menntasóknina, þann 1. febrúar s.l:

.....hugsa stórt og framkvæma hratt!

Viðauki

1. Ný lög um skólahald

Um þessar mundir er til umfjöllunar á Alþingi frumvörp um skólahald í leik-, grunn- og framhaldsskóla. Almennt markmið frumvarps til laga um framhaldsskóla er „að styrkja framhaldsskólastigið í íslensku menntakerfi og tryggja að gott samræmi sé í uppbyggingu þess og tengslum við önnur skólastig“ eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu.

Þeir meginþættir og markmið í frumvarpinu sem telja má til mikilla bóta og nýbreytni í skólastarfi eru meðal annars að;

- Fræðsluskylda stjórnvalda er til 18 ára aldurs
- Framhaldsskólum verði gefinn kostur á að byggja upp sveigjanlegt námsframboð hvað inntak og skipulag náms varðar
- Sveigjanleiki námsskipulags verði stóráukinn, námsleiðum fjölgað og skilyrði sköpuð fyrir fleiri til að ljúka skilgreindu námi
- Veita framhaldsskólum frelsi til að þróa sérstakar námsbrautir sem byggjast á sérstöðu þeirra og styrkleika og spurn eftir sérhæfðum námsleiðum og úrræðum
- Draga stórlega úr miðstýringu á námsframboði og í námskrágerð
- Fela menntastofnunum aukna ábyrgð á að þróa námsframboð á mörkum skólastiga

Í frumvarpinu er líka gert ráð fyrir mismunandi námstíma til námsloka. Skilgreindar eru 5 leiðir til lokaprófs;

- Framhaldsskólapróf eða 90-120 eininga nám þar sem reynt er að koma til móts við nemendur sem ekki hyggja á önnur próflok.

- Starfsréttindanám sem er samheiti yfir öll lokapróf sem veita tiltekin starfsréttindi.
- Stúdentspróf
- Önnur skilgreind námslok. Hér er um að ræða opinn möguleika fyrir framhaldsskóla að skilgreina önnur námslok og lokapróf. Þessi leið er ætluð til að mæta síaukinni aðsókn að ýmsum styttri og sérhæfðari námsbrautum. Dæmi um námsbrautir sem hér falla undir eru félagsliðabraut, skrifstofubraut, verslunarbraut og upplýsinga- og fjölmiðlabraut.
- Viðbótarnám á framhaldsskólastigi. Hér er um að ræða lengra nám að loknum öðrum lokaprófum. Dæmi um slíkt nám er að finna í framhaldsskólunum í dag, en þar er m.a. um að ræða nám til iðnmeistaraprófs í löggiltum iðngreinum og annað nám sem telst vera umfram nám til stúdentsprófs. Líklegt er að nám sem fellur undir þessa skilgreiningu verði jafnframt metið til eininga á háskólastigi, enda fela lög um háskóla í sér heimild til þess.

Í athugasemdum með frumvarpi þessu er einnig ítrekað að efla eigi verknám og gera því jafnhátt undir höfði og bóknámi. Þetta verði m.a. gert með því að gera grundvallarbreytingar á skipulagi verknáms í þá veru að skólar axli aukna ábyrgð á því, þ.m.t. vinnustaðanámi.

Ætla má að þessir meginþættir frumvarpsins geti orðið til þess að styrkja enn frekar námsframboð við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og nýta hann jafnframt markvissar sem sóknartæki fyrir Skagafjörð.

2. Nefndir forsætisráðherra til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf á svæðum með lítinn hagvöxt

Þann 4. janúar s.l. var send út tilkynning þess efnis að forsætisráðherra hefði ákveðið með samþykki ríkisstjórnarinnar að skipa tvær nefndir til að fjalla um leiðir til að styrkja

atvinnulíf og samfélag á svæðum þar sem hagvöxtur er lítill. Annarri nefndinni er ætlað að fjalla um Norðurland vestra og skila forsætisráðherra tillögum eigi síðar en í lok mars 2008. Nefndinni er meðal annars ætlað að gera tillögur um mögulega styrkingu menntunar og rannsókna, uppbyggingu iðnaðar og þjónustu og flutning starfa frá höfuðborgarsvæðinu til umræddra svæða. Í hvorri nefnd eiga sæti fimm fulltrúar, þar af þrír fulltrúar stjórnvalda og tveir fulltrúar frá viðkomandi svæðum. Formaður beggja nefndanna verður Halldór Árnason skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu.

Mikilvægt er að koma hugmyndum og áformum heimamanna um styrkingu menntunar og rannsókna sem og öðrum hugmyndum til nefndarinnar í tíma, þannig að hún geti tekið mið af þeim í sínum tillögum.

3. Húsnæði

Húsnæði er einn af þeim þáttum sem hamlað hafa vexti beggja skólanna, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Háskólans á Hólum.

Vaxtarmöguleikar **Fjölbrautaskólans** eru ekki sístir á iðn- og verknámsbrautum. Því er afar mikilvægt að flýta sem mest stækkun verknámshússins, þannig að það geti þjónað auknum vexti og hýst nýja starfsemi á svið rannsókna og vísinda í iðn- og tæknigreinum. Með auknu húsnæði skapast möguleikar til að efla starfsemi **Hátækniseturs Íslands** og jafnframt liggur beint við að óskað verði eftir því að **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** setji á fót starfsstöð hér. Augljóslega myndu starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar styðja mjög vel við iðn- og tækninám og skapa héraðinu sérstöðu á þessu sviði.

Lengi hefur verið þörf á að koma upp kennslustofum fyrir sérgreinar almennt. Við stækkun verknámshússins er gert ráð fyrir að sérgreinastofur raungreina verði staðsettar í norðurenda elsta hluta hússins, en til lengri tíma litið munu þessar stofur þrengja að annarri starfsemi í tengslum við verknám. Gert hefur verið ráð fyrir að sérgreinastofur almennt verði í viðbyggingu við bóknámshúsið. Þá er einnig ljóst að hvers kyns stoðþjónusta við nemendur hefur vaxið mikið á undanförunum árum en húsnæði fyrir

starfsemi stoðþjónustu er af afar skornum skammti. Augljóslega er því brýnt að setja fram tillögur að auknu húsnæðis fyrir hvoru tveggja sérgreinastofur og stoðþjónustu.

Kennsluaðstaða **Háskólans á Hólum** er bæði á Hólum og í Verinu á Sauðárkróki. Ljóst er að mjög þrengir að öllu skólastarfi á Hólum, hvort sem er kennslu- og rannsóknaraðstöðu eða aðstöðu fyrir kennara og hvers kyns stoðþjónustu og mikilvægt að ýta áfram samningum um byggingu **fjölnota fræðahúss** sem jafnframt gæti nýst skólanum til kennslu og rannsókna. Þá er einnig mikilvægt að auka starfsemi skólans í Verinu á Sauðárkróki, bæði kennslu og rannsóknir tengdar þeim greinum sem þar eru kenndar.

Aðsókn að aðstöðu í **Farskóla Norðurlands vestra – símmentunarmiðstöðinni** til fjarnáms á háskólastigi hefur aukist jafnt og þétt. Nú stunda þar nám Nú þegar stunda 38 nemendur grunnnám í gegn um miðstöðina. Þessi aukna aðsókn kallar á meira rými fyrir skólann og óvíst er hvort hægt verði að láta honum í té meira húsnæði við Faxatorgið.

Vel hefur tekist til við uppbyggingu nemendagarða sem og veglegt hesthús á Hólum. Ljóst er hins vegar að betur má ef duga skal. Afar brýnt er að hrinda af stað áformum um að byggja við **Verið**, þannig að það geti tekið við æskilegum vexti í kennslu- og rannsóknnum og geti jafnframt nýst sem skrifstofuhúsnæði.

Með ýmsa möguleika í uppbyggingu mennta á ýmsum sviðum og þjónustu henni tengdri í huga er mikilvægt að vinna markvisst að byggingu **íbúðarhúsnæðis/nemendagarða** sem mætt gæti fjölpættum þörfum skólastofnana sem og annarra stofnana á svæðinu fyrir íbúðarhúsnæði til handa skjólstæðingum sínum

4. Nýjar námsbrautir við Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra

Samkvæmt samtölum við forsvarsmenn Heilbrigðisstofnunarinnar virðist mikil þörf fyrir námsbraut **sjúkraliða**. Síðustu misseri hafa nemendur þurft að sækja sér bóklegan hluta

námsins til annarra landsvæða og ekki átt þess kost að sækja námið í FNV. Ástæður þess að ekki hefur verið hægt að bjóða upp á slíkt nám þar er sú að fjárveiting af hálfu yfirvalda eru miðaðar við að tiltekinn fjöldi nemenda standi undir kostnaði við kennslukostnað og annan rekstur hvers áfanga. Þannig er miðað við að u.þ.b. 25 nemendur þurfi til að standa undir kostnaði í bóklegum áföngum en 12 nemendur undir kostnaði í verklegum áföngum.

Í umræðunni um mögulegan trejajafnað í Skagafirði hefur jafnframt verið rætt um að FNV taki upp nám í **plastiðnaði/trefjaiðnaði**. Líkleg má telja að framtíðin kalli á iðnað af þessu tagi í enn ríkari mæli en nú er og komi til slíkrar iðnaðaruppbyggingar hér er mikilsvert að skólinn geti boðið upp á nám í trefjaiðnaði. Auk sjúkraliðanáms og náms í plastiðnaði er mikill áhugi á að auka þjónustu við nemendur sem stunda nám í **bílgreinum**. Mikilvægt er einnig að huga að öðrum verknámsbrautum til að auka breidd námsframboðs. Til dæmis er vitað um áhuga á að geta stundað nám í **hárgreiðslu og snyrtifræðum** og með virku samstarfi við aðra skóla ætti að vera hægt að byggja upp greinar sem svara betur þörfinni fyrir fjölbreytt verknám.

Með nýju frumvarpi til laga um framhaldsskóla, sem fjallað er um hér að framan, sjá forsvarsmenn FNV möguleikana á vexti skólans ekki síst í kennslu á **háskólastigi**. Jafnframt sjá forsvarsmenn FNV möguleika á vexti í þjónustu við almenna íbúa héraðsins, t.d. í formi aukins námsframboðs í **kvöldskóla**.

5. Nýjar námsleiðir við Háskólann á Hólum

Í umræðu um eflingu Háskólans á Hólum hefur mikið verið rætt um að fjölga þyrfti heildstæðum námsbrautum við skólann. Í því sambandi hefur til dæmis verið rætt um hjúkrunarfræði, viðskipta- og rekstrarfræðinám, raungreinanám, og fleira. Í þeirri umræðu hefur sérstaklega verið talið mikilvægt að horfa til vinsælla námsbrauta sem líklegar eru til þess að laða til skólans umtalsvert fleiri nemendur en nú er. Eftir að hafa skoðað áherslur í menntamálum hér heima og erlendis, ekki síst á dreifbýlli svæðum t.d.

hjá nágrannaþjóðum okkar, þykir þó ekki rétt að fara þá leið að sinni að stofna til heildstæðra námsbrauta hvað sem síðar kann að verða, eins og hér að framan greinir.

Ástæður þessa eru nokkrar:

Í fyrsta lagi er mikilvægt að festa þær námsbrautir sem nú þegar eru kenndar við Háskólann á Hólum enn frekar í sessi og byggja eins og hægt er ofan á þær. Sérfræðingar á sviði menntamála virðast nokkuð sammála um að litlum háskólum á landsbyggðinni sé afar mikilvægt að marka sér sérstöðu í námsframboði, sérstöðu sem byggir á strykleikum umhverfisins. Háskólinn á Hólum byggir sitt námsframboð einmitt á styrkleikum héraðsins og afar mikilvægt er að skólinn verði óumdeilanlega fremstur háskóla í kennslu og rannsóknum á sínum brautum. Þetta endurspeglast í stefnu skólans, eins og fram hefur komið og er enn fremur í samræmi við stefnu stjórnvalda um aukin gæði og alþjólega samkeppnishæfni íslenskra háskóla, sbr. ný lög um háskóla árið 2006.

Í öðru lagi má halda því fram að með því að byggja upp enn eina heildstæða námsbraut við skólann sé verið að takmarka möguleika skólans til þróunar á öðrum sviðum. Þess í stað sé skynsamlegra að róa á fleiri mið og freista þess að fanga mismunandi áhuga og ólíkar þarfir fólks fyrir háskólanám. Ýmislegt bendir til þess að sókn í styttra nám á háskólastigi sé að aukast og til að mæta þessari sókn hefur mjög færst í aukana að háskólar bjóði upp á svokallað diplómanám. Þá hefur einnig færst mjög í aukana að háskólarnir bjóði fram nám í fjarnámi eða lotum, enda eru slíkar leiðir afar mikilvægar fyrir möguleika fólks á landsbyggðinni til að stunda háskólanám.

Í nýrri könnun sem menntamálaráðuneytið lét gera í tengslum við uppbyggingu framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð voru um 300 íbúar í Fjallabyggð og Dalvíkurbæ spurðir hvort þeir hefðu áhuga á að stunda háskólanám í fjarnámi og áhuginn er greinilegur. 64% svöruðu þeirri spurningu játandi.³ Þá benda bráðabirgðaniðurstöður í meistaraprófsrannsókn Nínu Þóru Rafnsdóttur, kennara við FNV, til að mikill áhugi sé fyrir hendi hjá fólki á Norðurlandi vestra á að stunda háskólanám. Þannig segjast tæp

³ Úr fréttatíma RÚV kl. 12:20, 21. janúar 2008.

70% svarenda hafa áhuga á að stunda grunn- eða meistaranám á háskólastigi og yfir 90% eru mjög sammála eða frekar sammála um mikilvægi þess að nemendur eigi kost á námi á háskólastigi í sinni heimabyggð eða nálægt henni. Varðandi spurningu um val á búsetu telja um 80% svarenda skipta mjög miklu eða frekar miklu máli að hægt sé að stunda háskólanám á svæðinu. Tæp 98% svarenda segjast tilbúnir til að verja allt að 2 klukkustundum í ferðir á milli heimilis og háskóla dag hvern. Þá skiptir stærð háskóla máli því tæp 70% svarenda eru mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að við val á háskóla skipti máli að skólinn sé minni og tæp 94% svarenda telja mikilvægt að auðvelt sé að fá húsnæði nálægt skólanum. Það kemur ekki á óvart að tæp 94% svarenda eru mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að háskólamenntun sé nauðsynleg forsenda þess að Norðurland vestra verði samkeppnishæft við önnur byggðarlög og jafnframt telja 92% svarenda Háskólann á Hólum mjög eða frekar mikilvægan fyrir svæðið.

Fleiri áhugaverðar niðurstöður er að finna í rannsókn Nínu Þóru sem ekki verða tíundaðar hér. Það segir sig hins vegar sjálft að þessi mikli áhugi á háskólanámi beinist í margar áttir og að mörgum greinum. Því er mikilvægt að leitast við að mæta þessum áhuga með sem mestri fjölbreytni í námsframboði og jafnframt fjölbreytilegum leiðum til menntunar.

Eftir talsverða skoðun og viðræður við ýmsa aðila er það því niðurstaða verkefnisstjóra að í stað þess að einblína á eina tiltekna námsbraut sé skynsamlegra að stofna og byggja upp deild sem nýst getur sem endur- og símenntunardeild – fjölgreinadeild – og sem jafnframt getur verið veita fyrir nám í öðrum háskólum hvort sem er hérlendis eða erlendis.

Á undanförunum árum hafa deildir af þessu tagi verið ákveðinn vaxtarbroddur háskólanna í landinu og skólarnir hafa séð möguleikana á að auka starfsemi sína og eflast með því að koma til móts við þær fjölmörgu og fjölbreytilegu þarfir sem fólk hefur fyrir nám og aukna þekkingu á ýmsum sviðum, hvort sem þessar þarfir eru sprottnar af áhuga einum saman eða af þörfum atvinnulífsins fyrir nýja þekkingu og meiri þekkingu.

Deild af þessu tagi myndi í fyrsta lagi geta haldið utan um þá endurmenntun sem boðið er upp á í tengslum við hefðbundnar námsbrautir Háskólans á Hólum. Í öðru lagi gæti slík deild verið skipuleggjandi og framkvæmdaraðili náms fyrir atvinnulífið. Í þriðja lagi gæti deildin boðið upp á fjölbreytilega námsáfanga sem talin er þörf á í samfélaginu og eftirspurn er eftir og í fjórða lagi getur slík deild verið veita og umsjónaraðili náms sem stundað er í öðrum háskólum hvort sem er hér á landi eða erlendis.

Skipulagning náms í deild sem þessari gæti verið með ýmsum hætti. Hægt væri að bjóða upp á kennslu í lotum, dagkennslu, kvöldkennslu og í fjarnámi. Víst má telja að leita þyrfti eftir samstarfi við aðra skóla og einstaklinga utan héraðs um kennslu í einstökum greinum, enda færist það mjög í vöxt að kennarar kenni við fleiri en einn skóla samtímis.

Til lengri tíma litið gæti slík deild orðið nokkuð fjárhagslega sjálfbær þannig að einstök námskeið stæðu undir sér að sem mestu leyti. Þó þyrfti að gera ráð fyrir að kostnaði vegna fastra starfsmanna og annars rekstrarkostnaðar.

6. Aðrir möguleikar

Eins og hér að framan segir er að finna í Skagafirði ýmsar stofnanir og fyrirtæki sem hafa á að skipa vel menntuðu og hæfu fólki, sem mikilvægt er að virkja til enn frekari uppbyggingar. Hér á eftir eru tínd til nokkur dæmi um hvernig nýta má þennan mannaúð og aðstöðu héraðinu til framdráttar:

Á síðustu misserum hefur áhugi manna beinst í æ ríkari mæli að ýmsum lífstílstengdum málum. Áhuga þennan má m.a. rekja til aukinnar meðvitundar manna um áhrif streitu og mataræðis á heilsu og líðan sem og mikilvægi almennrar lýðheilsu. Hvers kyns námskeið og áhugahópar hafa sprottið upp hvarvetna sem allir miða að því að bæta heilsu og líðan ásamt því að auka hæfni fólks til virkrar þátttöku í atvinnu- og menningarlífi. Fjölmíðlar hér á landi sem og annars staðar eru afar viljugir til að fjalla um nýjar leiðir í að bæta lýðheilsu og eiga þátt í að skapa jarðveg til atvinnusköpunar á þessu sviði. Í samræmi við þennan áhuga hafa ýmsar fræði- og faggreinar sem tengjast bættri heilsu fengið byr undir

báða vængi. Sem dæmi um slíkar greinar eru næringarfræði, sjúkra- og iðjuþjálfun, sjúkranudd, íþróttافرæði, lýðheilsufræði, félagsráðgjöf og ýmsar aðrar greinar á mörkum heilbrigðis-, félags- og feegrunarfræða, eins og t.d. fótaaðgerðarfræði, snyrtifræði og ýmislegt þess háttar. Í tengslum við þessa bylgju heilsu og hollustu hafa einnig rutt sér til rúms ýmsar óhefðbundar greinar á sviði næringar og hreyfingar.

Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki er vel búin stofnun sem býr við nokkuð stöðugt starfsmannahald, ekki síst hvað menntaða satarfsmenn varðar. Hér eru starfandi læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfarar og sjúkraliðar. Með þennan grunn ætti stofnunin að vera vel í stakk búin að byggja enn frekar utan um sína starfsemi og taka þátt í menntun starfsmanna á sviði heilbrigðis- og lífstílsgreina.

Byggðasafn Skagfirðinga er öflug menningarstofnun sem heldur vel utan um skagfirskan menningararf og þekkingu sem nútíminn þarf ekki lengur að nýta með sama hætti og áður en sem engu að síður er mikilvæg heimild um líf og sögu þjóðarinnar. Við safnið starfa metnaðarfullir einstaklingar sem hafa sýnt mikið frumkvæði í mennta og menningarmálum í héraðinu. Gott dæmi um það er **Fornverkaskólinn**. Miklir möguleikar eru einnig til að koma á öflugu námi í **fornleifarannsóknum** í samstarfi við Háskólann á Hólum og FNV.

Fleiri stofnanir mætti nefna sem allar hafa á að skipa hæfu og vel menntuðu fólki sem vel er fært um að leggja menntauppyggingunni í Skagafirði lið. Sem dæmi um stofnanir má nefna **Héraðsskjalasafn og Héraðsbókasafn Skagfirðinga, Leiðbeiningastöð landbúnaðarins, Byggðastofnun, Íbúðalánasjóð, Náttúrustofu Norðurlands vestra Veiðmálastofnun sem sinnir mikilvægu rannsóknarstarfi á sínu sviði, Vegagerðina o.fl.**

